

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

18. mgr. 84. gr. reglnanna, um MA-nám í norrænni trú, fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 97. gr. reglnanna:

- a. Á eftir staflíð a í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. bætist við nýr staflíður, svohljóðandi: Til *BS-prófs* í hjúkrunarfræði fyrir fólk með annað háskólapróf.
- b. Í stað orðanna „180 eininga“ í 1. málslíð 10. mgr. kemur: 180 eða 240 eininga.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „til BS-prófs“ í 1. málslíð 7. mgr. kemur: til 240 eininga BS-prófs.
- b. Á eftir 1. málslíð 7. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Stúdent í námi í hjúkrunarfræði fyrir fólk með annað háskólapróf skal hafa lokið prófi eigi síðar en þremur árum eftir skráningu í námið.

4. gr.

Í stað orðanna „180 eininga“ í 5. málslíð 11. mgr. 99. gr. og 1. málslíð 9. mgr. 103. gr. reglnanna kemur: 180 eða 240 eininga.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 105. gr. reglnanna:

- a. Á eftir c-lið 1. mgr. bætist við nýr staflíður, svohljóðandi: Til *meistaraprófs* í hagnýtri atferlisgreiningu, í samstarfi við deild heilsueflingar, íþróttar og tómsunda, sbr. 119. gr. þessara reglna.
- b. Á eftir 7. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Diplómanám í hagnýtri atferlisgreiningu er 60 eininga þverfræðilegt framhaldsnám sem sálfræðideild býður í samstarfi við deild heilsueflingar, íþróttar og tómsunda. Nám þetta er hægt að fá metið inn í námsleið til meistaraprófs í hagnýtri atferlisgreiningu, að uppfylltum inntökuskilyrðum.
- c. Í stað orðanna „180 eininga“ í 1. málslíð núverandi 8. mgr. kemur: 180 eða 240 eininga.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á upptalningu kennslugreina til BA-prófs í a-lið 1. mgr. 109. gr. reglnanna:

- a. Á eftir orðunum „kínversk fræði“ bætast við orðin: klassísk mál.
- b. Á eftir orðinu „rússneska“ bætast við orðin: skandinavísk fræði.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 119. gr. reglnanna:

- a. Á eftir e-lið 1. mgr. bætist við nýr staflíður, svohljóðandi: Til *meistaraprófs*: Hagnýt atferlisgreining, í samstarfi við sálfræðideild, sbr. 105. gr. þessara reglna.
- b. Á eftir 13. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
Námsleið til meistaraprófs í hagnýtri atferlisgreiningu er 120 eininga þverfræðilegt nám sem deild heilsueflingar, íþróttar og tómsunda býður í samstarfi við sálfræðideild. Fagleg ábyrgð á námsleiðinni er í höndum námsstjórnar, sem skipuð er tveimur fulltrúum heilbrigðisvísindasviðs og tveimur fulltrúum menntavísindasviðs, auk eins fulltrúa utan háskólans, samkvæmt tilnefningu deildanna. Menntavísindasvið og þá einkum deild heilsueflingar, íþróttar og tómsunda annast umsýslu með náminu að öðru leyti. Fræðasviðin tvö

gera með sér sérstakt samkomulag um þverfræðilegt nám í hagnýtri atferlisgreiningu, þar sem m.a. er kveðið á um inntökuskilyrði, meðferð umsókna, námskröfur og hlutverk stjórnar námsins. Nemendur brautskrást frá þeirri deild þar sem rannsóknarverkefni (lokaritgerð) nemanda er unnið.

- c. Á eftir núverandi 17. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Diplómanám í hagnýtri atferlisgreiningu er 60 eininga þverfræðilegt framhaldsnám sem deild heilsueflingar, íþróttar og tómsunda býður í samstarfi við sálfræðideild. Nám þetta er hægt að fá metið inn í námsleið til meistaraþrófs í hagnýtri atferlisgreiningu, að uppfylltum inntökuskilyrðum.

8. gr.

Fremst í upptalningu greina til doktorsþrófs í c-lið 1. mgr. 123. gr. reglnanna bætist við orðið: efnaverkfræði.

9. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 13. janúar 2020.

Jón Atli Benediktsson.

Dórður Kristinsson.